



Þjóðhagsspá 2020-2022



Rösk viðspyrna eftir tímabundið áfall

Náist tök á COVID-19 má vænta heilbrigðs vaxtar frá og með 2021

Betri tíð ef veiran vikur

- Hagvaxtarspá miðar við að COVID-bóluefni verði í almennri dreifingu fyrir sumarið 2021
- 8,6% samdráttur árið 2020
- 3,1% hagvöxtur 2021
- 4,7% hagvöxtur 2022

Hagvöxtur



Myndarlegur útflutningsvöxtur þegar frá líður

- Útflutningur vöru og þjónustu minnkar um 27,2% á þessu ári en eykst um 10,1% á því næsta
- Innflutningur dregst saman um 16,3% í ár
- Viðskiptahalli 1,1% af VLF í ár
- 0,4% viðskiptaafgangur á næsta ári og 1,4% 2022

Utanríkisviðskipti



Verðbólga hjaðnar með hækkanði sól

- Veiking krónunnar braust fram í verðlagi í lok sumars
- 2,7% verðbólga að meðaltali á þessu ári og því næsta
- 1,9% árið 2022
- Aukinn trúverðugleiki peningastefnu heldur meðal annars aftur af verðbólguvæntingum

Verðbólga



Vetur á vinnumarkaði næsta kastið

- Bati í ferðaþjónustu hefur mest að segja um hve hratt dregur úr atvinnuleysi
- 7,8% meðaltalsatvinnuleysi 2020
- 7,6% atvinnuleysi árið 2021
- 4,7% árið 2022

Vinnu- markaður



Vextir gætu hafa náð lágmarki

- Stýrivextir hafa lækkað um 3 prósentur á árinu og hafa aldrei verið lægri
- Vextir óbreyttir í 1% fram á næsta ár en hækka hægt og bitandi samhliða efnahagsbata
- Langtímavextir áfram lægri en undanfarna áratugi

Vextir



Líkur á styrkingu þegar betur árar

- 15% veiking krónunnar á árinu er í takti við fyrri veikingarskeið
- Umfangsmikil afskipti Seðlabankans styðja við gengið
- Þegar rofar til hjá útflutningsgreinum eru líkur á nokkurri styrkingu

Krónan





Djúpt samdráttarskeið er hafið en bati er við sjóndeildarhringinn

Hagvöxtur glæðist á seinni hluta spátímans svo fremi COVID-19 láti undan síga fyrir mitt næsta ár

Á því rúmlega hálfu ári sem COVID-19 faraldurinn hefur geisað af krafti um heimsbyggðina hafa efnahagshorfur gerbreyst til skemmri tíma litið. Góðu heilli virðist þó sem fyrstu áhrif faraldursins á þjóðarhag séu ívið mildari en við gerðum ráð fyrir í síðustu spá okkar í maí sl. Þá var spáð 9,2% samdrætti VLF í ár en nú teljum við að samdrátturinn muni nema 8,6%.

Harður skellur í utanríkisviðskiptum skýrir u.þ.b. 2/3 samdráttarins í ár en fall í innlendri eftirspurn er að baki 1/3 samdráttarins.


Neysla og fjárfesting einkaaðila skreppur umtalsvert saman í ár, en á móti vaxa umsvif hins opinbera í fjárfestingu og samneyslu.

Á árinu 2021 gerum við ráð fyrir 3,1% hagvexti. Skýrist vöxturinn jöfnum höndum af bata í utanríkisviðskiptum og aukinni innlendri eftirspurn. Árið 2022 ætti hagkerfið að vera komið í allhraða uppsveiflu að mati okkar. Það ár spáum við 4,7% hagvexti sem drifinn verður að mestu af vaxandi eftirspurn. Útflutningur sækir einnig áfram í sig veðrið en aukinn innflutningur vegur á móti.

Hversu hratt faraldurinn gengur niður er lykilforsenda fyrir því hversu hraður efnahagsbatinn verður. Hér er gert ráð fyrir að bóluefni verði komið í umferð á 2. ársfjórðungi 2021, fyrir háönn ferðabjónustu. Verði faraldurinn þrálátari fram eftir næsta ári getur það haft umtalsverð áhrif til hins verra á efnahagsbatann hér á landi.


Verg landsframleiðsla og framlag undirliða

Magnbreyting frá fyrra ári (%)



Verg landsframleiðsla, þjóðarútgjöld og utanríkisviðskipti

Magnbreyting frá fyrra ári (%)



COVID-skellurinn á Íslandi er ekkert einsdæmi

Gríðarleg óvissa um hversu hraður batinn verður


Ólíkt síðustu kreppu eru Íslendingar langt frá því einir á báti um að sigla krappan efnahagslegan mótbyr. Raunar má segja að í ljósi þess hversu þungt ferðaþjónusta vegur í útflutningstekjum og á vinnumarkaði hafi höggið á efnahag hérlendis verið heldur vægara en ætla mætti.

Flest þau lönd sem reiða sig á ferðaþjónustu í jafn miklum mæli og Ísland fengu talsvert þyngra högg á efnahag sinn þegar faraldurinn fór að geisa.

Kreppan hér á landi virðist þó munu verða öllu dýpri og batinn hægari en gengur og gerist meðal ríkja heims. Í nýlegri heimshagspá OECD er því spáð að heimshag Íslands dragist saman um 4,5% í ár en að hagvöxtur á heimsvísu verði 5,0% á næsta ári. Fyrir G20-ríkin er spáð 4,1% samdrætti í ár en 5,7% vexti á næsta ári.

Því ber að halda til haga að spá OECD tilgreinir ekki sérstaklega lönd með svipaða eiginleika og Ísland, þ.e. lítil, opin hagkerfi með stóran ferðaþjónustugeira og fljótandi mynt.

Hagvöxtur á 2F 2020 og hlutfall ferðaþjónustu af VLF í ýmsum löndum





Fáir ferðamenn í ár en góðar líkur á myndarlegum vexti næstu ár

Lykilatriði fyrir bata ferðaþjónustunnar hvort faraldurinn lætur undan síga fyrir háönn 2021

Erlendir ferðamenn voru tæplega 2 milljónir talsins á síðasta ári. Var 2019 þar með þriðja stærsta ferðamannaárið frá upphafi þrátt fyrir 14% fækkun milli ára.


Það sem af er árinu 2020 hafa 450 þús. ferðamenn sótt landið heim. Í kjölfar þess að landamærasóttvarnir voru hertar í ágúst hafa fáir ferðamenn komið til landsins og gerum við ráð fyrir að ferðamenn í ár verði innan við 500 þúsund. Hafa þeir ekki verið færri í áratug.

Ferðaþjónusta hefur síðustu ár skilað jafnvirði ríflega þriðjungs af gjaldeyristekjum þjóðarþúsins. Tekjur af erlendum ferðamönnum námu 470 mö.kr. árið 2019. Á sama tímabili skilaði sjávarútvegur alls 260 ma. kr. tekjum og álf lutningur 212 ma. kr. tekjum. Fyrirsjáanlegt er að tekjur í ferðaþjónustunni á þessu ári verði í kring um ¼ af tekjum síðasta árs. Það er því ljóst að höggið mun hafa gríðarleg áhrif á þjóðarþúði.


Við gerum ráð fyrir að ferðamenn fari að heimsækja landið á nýjan leik í einhverjum mæli á vordögum árið 2021. Talsverðan tíma taki þó fyrir almennan ferðavilja að verða áþekkur og var fyrir COVID-19, auk þess sem aðstæður í ferðaþjónustu gætu um sumt orðið mótdrægari, t.d. vegna minni samkeppni í flugrekstri og meira vægis umhverfissjónarmiða

Í spá okkar er gert ráð fyrir að ferðamönnum fjölgi um ríflega 70% á næsta ári og verði í kring um 800 þúsund. Árið 2022 spáum við ríflega 40% fjölgun og 1,1 – 1,2 milljón ferðamanna.

Fjöldi ferðamanna eftir árum (milljónir) Spá 2020-2022



Útflutningur vöru og þjónustu Ma.kr.



Heimild: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands og Greining Íslandsbanka



Útanríkisviðskipti þrautseig þrátt fyrir högg

Horfur á myndarlegum útflutningsvexti þegar frá líður


Þrátt fyrir mikið tekjutap í útflutningi hefur halli á vöru- og þjónustuviðskiptum verið hóflegur enn sem komið er. Á fyrri helmingi ársins 2020 nam slíkur halli aðeins ríflega 1 ma.kr. Ástæðan er ekki síst sú að innflutningur hefur skroppið mikið saman vegna minni aðfanga fyrir ferðaþjónustu, samdráttar í innlendri eftirspurn og tilfærslu neyslu inn fyrir landsteinana.

Horfur eru á að útflutningur skreppi saman um ríflega fjórðung á yfirstandandi ári. Á móti minnkar innflutningur um 16% í spá okkar. Útflutningsmegin vegur samdráttur í ferðaþjónustu langþingst, en á innflutningshliðinni er samdrættinum nokkuð jafnt skipt milli vöru- og þjónustuinnflutnings.


Spá okkar gerir ráð fyrir að útflutningur taki við sér á næstu árum að því gefnu að ferðaþjónustan nái vopnum sínum. Spáum við u.þ.b. 10% vexti útflutnings hvort árána 2021-2022. Vöxturinn er að stærstum hluta vegna bata í ferðaþjónustu en einnig gerum við ráð fyrir hóflegum vexti fisk- og iðnaðarvöruútflutnings.

Vöxtur í útflutningi og innlendri eftirspurn kallar svo á aukinn innflutning vöru og þjónustu. Teljum við að innflutningur muni aukast um 6% á næsta ári og rúm 8% á árinu 2022. Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar verður því jákvætt á seinni hluta spátímans.

Útflutningur og framlag helstu undirliða %



Innflutningur og framlag helstu undirliða %





Tímabundinn viðskiptahalli í ár en horfur allgóðar

Bati í ferðaþjónustu ýtir bæði undir viðskiptaafgang og hagvöxt næstu ár


Eftir lengsta samfellda tímabil viðskiptaafgangs í lýðveldissögunni árin 2012 - 2019 er nú útlit fyrir að viðskiptahalli verði einhver á yfirstandandi ári.

Vöru- og þjónustujöfnuður verður líklega neikvæður um ríflega 2% af VLF þar sem tekjutap ferðaþjónustu vegur þyngra en bati í vöruviðskiptum í spá okkar. Hins vegar lítur út fyrir að afgangur af frumpáttatekjum vegi nokkuð á móti í viðskiptajöfnuði ársins. Við gerum því ráð fyrir 1,1% viðskiptahalla í ár í hlutfalli við VLF.


Sem fyrr er þó útlitið allgott fyrir viðskiptajöfnuð þegar fram í sækir. Lægra raungengi stuðlar að tilfærslu eftirspurnar inn í hagkerfið og horfur eru á að þjónustutekjur geti vaxið myndarlega þegar áhrif faraldursins fara að dvína. Þá er erlend staða þjóðarbúsins býsna sterk og því góðar líkur á að þáttatekjur og framlög ýti áfram undir viðskiptaafgang fremur en hitt.

Við spáum því að viðskiptaafgangur verði 0,4% af VLF á árinu 2021 og 1,4% á árinu 2022. Efnahagsáfallið nú mun því að mati okkar ekki snúa við þeirri grundvallar breytingu til batnaðar sem orðið hefur á ytra jafnvægi þjóðarbúsins eftir fjármálahrunið 2008-2009. Erlendar eignir þjóðarbúsins umfram skuldir námu ríflega 28% af VLF um mitt ár 2020 og gæti sú staða batnað enn frekar með tímanum.

Viðskiptajöfnuður % af VLF*



Viðskiptajöfnuður og hagvöxtur





Fjárfesting tekur við sér á ný eftir snarpan samdrátt í ár

Hið opinbera mildar höggið á fjárfestingarstigið í ár og á næsta ári


Fjármunamyndun lét talsvert undan síga á árinu 2019. Vöxtur íbúðafjárfestingar var þó býsna kraftmikill en samdráttur í fjárfestingu atvinnuvega og hins opinbera vó þyngra. Alls minnkaði fjárfesting um 6,6% árið 2019 frá árinu á undan.

Horfur eru á að fjárfesting skreppi saman um rúm 10% í ár. Þar vegur þyngst nærri 17% samdráttur atvinnuvegafjárfestingar, en auk þess teljum við að íbúðafjárfesting muni dragast saman um tæp 14% milli ára. Á hinn bóginn er hið opinbera að spýta nokkuð hressilega í lófana hvað fjárfestingu áhrærir í því skyni að milda áhrif COVID-skellsins á efnahagslífið. Áætlum við að slík fjárfesting aukist um 17% í ár.


Á næsta ári mun vöxtur í opinberri fjárfestingu áfram bera hitann og þungann af þeim 1,5% fjárfestingarvexti sem við spáum það ár. Einkaaðilar eiga hins vegar leikinn árið 2022 en þá gerum við ráð fyrir að íbúðafjárfesting og fjárfesting fyrirtækja leggi svipað til þess 6,7% vaxtar sem við spáum þá.

Fjárfestingarstigið í hagkerfinu mun nema ríflega fimmtingi af landsframleiðslu í ár og verður í raun fremur stöðugt í gegn um niðursveifluna nú, öfugt við síðustu niðursveiflu. Fjárfestingarstigið verður þó að okkar mati heldur lægra á komandi árum en síðustu áratugi enda vandséð að svigrúm sé fyrir uppbyggingu í líkingu við þá sem verið hefur í útflutningsatvinnuvegum frá miðri síðustu öld.

Fjárfesting
% af VLF



Fjárfesting, raunbreyting og framlag helstu undirliða
%





Hófleg hækkun íbúðaverðs framundan?

Hagstæð kjör á íbúðalánnum og góð eignastaða flestra heimila styðja við íbúðamarkað


Íbúðamarkaður hefur reynt mun þróttmeiri í kjölfar COVID-skellsins en búist var við. Þar hafa hagstæðari kjör á íbúðalánnum m.a. vegið allþungt ásamt traustri eignastöðu flestra heimila.

Það hefur þó dregið umtalsvert úr hækkunartakti á markaði eftir hraða verðhækkun árin 2015-2018. Ört vaxandi atvinnuleysi, hægari vöxtur kaupmáttar og talsvert framboð nýrra og notaðra íbúða á eftir að segja frekar til sín á næstu fjórðungum. Við gerum því ráð fyrir að raunverð íbúða standa í stað á þessu ári en lækka um um 1% á næsta ári.


Mikill samdráttur nýbygginga á fyrstu byggingarstigum á árinu bendir til dvinandi framboðs nýbyggðra íbúða þegar lengra líður á spátímann. Mun það, ásamt minnkandi atvinnuleysi og hraðari vexti kaupmáttar vega til hækkunar íbúðarverðs með tímanum. Við spáum því að raunverð íbúða muni hækka um 1,1% árið 2022. Verður raunverðið því á svipuðum slóðum í lok spátímans og að jafnaði á árinu 2019, gangi spá okkar eftir.

Í ljósi þess hversu seigt hefur verið í íbúðamarkaði undanfarið er þó óvissan í spá okkar fremur á þá leið að íbúðaverð gæti á heildina litið hækkað eitthvað hraðar en almennt verðlag fram til ársloka 2022.

Íbúðaverð % breyting á ársgrundvelli



Raunverð íbúða, raunlaun og vextir verðtryggðra íbúðalána % breyting milli ára (v.ás), meðaltal (h.ás)





Langvinnt atvinnuleysi í vændum?

Batinn í ferðaþjónustu leikur lykilhlutverk í því hversu hratt atvinnuleysi minnkar á ný

Atvinnuleysi hefur á síðustu fjórum árum mælst 3% að meðaltali, sem þykir mjög lágt í alþjóðlegu samhengi. Í mars síðastliðnum gjörbreyttust hins vegar horfur á vinnumarkaði að sökum COVID veirunnar og atvinnuleysi hefur aukist ört síðan.


Vegna faraldursins er ljóst að atvinnuleysi mun verða verulegt á þessu ári. Rúmlega 8.000 manns hefur verið sagt upp í hópuppsögnum til og með ágúst sem nemur tæplega 4% af heildarvinnuafli.

Mörg fyrirtæki hafa nýtt sér hlutabótaleið hins opinbera en hlutdeild þeirra hefur farið dvínandi frá því hún náði hámarki í apríl. Þá voru um 10,3% af vinnumarkaði á hlutabótaleiðinni en 0,9% í ágúst.

Atvinnuleysisþá okkar fyrir árið hefur lækkað frá fyrri þá, m.a. vegna minni atvinnuþátttöku og heldur sterkari vinnumarkaðar í sumar en vænst var. Atvinnuleysi mun þó aukast áfram út árið en taka að hjaðna hægt og bitandi eftir það. Við spáum atvinnuleysi að meðaltali 7,8% á þessu ári. Horfur fyrir næstu tvö ár eru hins vegar heldur dekkri en í maí. Við teljum að atvinnuleysishlutfallið muni að jafnaði verða 7,6% á næsta ári og 4,7% árið 2022.

Batinn í hinni mannaflsfreku ferðaþjónustu mun ráða miklu um hversu hratt atvinnuleysi minnkar. Verði háönn greinarinnar næsta sumar svipuð eða lakari en sú sem nú er liðin mun atvinnuleysi reynast enn þrálátara.

Atvinnuleysi sem hlutfall af vinnuafli %





Einkaneysla í lægð sem nær fram á næsta ár

Mikið atvinnuleysi setur svip sinn á einkaneysluna en styrkur fjárhagur þorra heimila hjálpar

Ferðatakmarkanir og samkomubann hefur þegar haft gífurleg áhrif á einkaneyslu almennings en samdráttur hennar á 2F ársins var 8,3% frá fyrra ári.

Vísbendingar eru á lofti að einkaneyslan muni eiga töluvert undir högg að sækja næsta kastið en helstu hagvísar hennar á borð við væntingavísitöluna, kortaveltutölur og atvinnuleysi bera þess merki.


Það er þó jákvæð vísbending að landsmenn tóku töluvert hressilega við sér á ný í einkaneyslu um leið og slakað var á sóttvörnum síðastliðið vor. Að auki hefur er stærri hluti neyslunnar innanlands en áður, sem styður við innlenda seljendur vöru og þjónustu.

Samband vinnumarkaðar og einkaneyslu er með öðrum hætti nú en áður í kreppum. Kaupmáttur þeirra sem hafa vinnu verður meira og minna óskertur en hærra hlutfall landsmanna verður hins vegar án vinnu og tapar þannig verulegum ráðstöfunartekjum. Styrk fjárhagsstaða þorra heimila auðveldar þeim líka að takast á við tekjutap og bæta á ný í neyslu þegar betur fer að ára.

Við spáum því að einkaneysla skreppi saman um 3,3% á árinu 2020. Á árinu 2021 gerum við ráð fyrir 1,6% vexti en eftir því sem atvinnuleysi hjaðnar á ný og bætir aftur í kaupmátt færirist meira líf í neysluvöxtinn á ný. Spá okkar fyrir 2022 hljóðar upp á 4,7% vöxt einkaneyslu.


Einkaneysla og tengdir hagvísar

% breyting milli ára (v.ás) og vísitölugildi (h.ás)



Einkaneysla, kaupmáttur og atvinnuleysi

%





Veiking krónu í svipuðum takti og á fyrri veikingarskeiðum

Líkur á að krónan eigi inni styrkingu þegar betur árar í útflutningsgreinum

Frá áramótum hefur gengi krónu lækkað um 15% gagnvart helstu gjaldmiðlum. Veikingin átti sér að mestu stað í mars og apríl en sveiflur hafa verið talsverðar í kjölfarið.

Seðlabankinn hefur gripið inn í gjaldeyrismarkað til að hægja á veikingu krónu og koma í veg fyrir tímabundna spíralmyndun. Nemur sala bankans það sem af er ári u.þ.b. 350 m.EUR. Í upphafi árs nam gjaldeyrisforði bankans u.þ.b. 6 mö.EUR.


Þróunin það sem af er ári virðist vera með áþekktum hætti og gengislækkunarskeið á undanförunum árum. Að undanskildu 2008 þegar hrun varð á gjaldeyrismarkaði virðist takturinn gjarnan vera sá að gengið finnur sér nýtt tímabundið jafnvægi í grennd við 10-17% veikari gildi en giltu fyrir veikingarhrinuna.

Raugengi krónu hefur lækkað um nærri 1/5 frá því það fór hæst á toppi ferðamanna-sveiflunnar fyrir 3 árum. Ísland er því orðið talsvert samkeppnishæfara á alþjóðavísu en var fyrir nokkrum misserum. Á þennan kvarða er landið álíka dýrt heim að sækja og það var á fyrri hluta ársins 2016.

Í ljósi þess að þær búisfjar sem útflutningsgreinar búa við eru væntanlega tímabundnar og undirstöður fyrir ytra jafnvægi hagkerfisins eru orðnar mun traustari en áður gerum við ráð fyrir því að krónan styrkist að nýju þegar frá líður. Hvenær, og hversu mikið, er þó mikilli óvissu háð.


Gengislækkunarskeið krónu, samanburður

Vísitölur, 100=gengi á upphafsdegi tímabils. X-ás: Fjöldi daga



Raugengi íslensku krónunnar og viðskiptajöfnuður

Vísitala og hlutfall af VLF (%)



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og Greining Íslandsbanka



„Seinni bylgjan“ í verðbólgu hjaðnar á næsta ári

og við gerum ráð fyrir að verðbólga verði undir markmiði Seðlabankans á seinni helmingi spátímans

Eftir hjöðnun verðbólgu á seinni helmingi síðasta árs hefur hún vaxið að nýju í kjölfar nýrrar lækkunarhrinu krónu fyrr á árinu 2020. Verðbólga mældist 3,2% í ágúst mánuði og hafði þá ekki verið meiri frá miðju ári 2019.

Verðbólguþrýstingur hefur þó haldist hóflegri en ætla mætti miðað við hversu mikið krónan hefur gefið eftir á sama tíma og laun hafa hækkað umtalsvert, sér í lagi í lægri þrepum launastigans. Þar vegur m.a. á móti harðandi samkeppni á smásöllumarkaði, vaxandi slaki í hagkerfinu og lægra eldsneytisverð það sem af er ári en raunin var árin á undan. Þá skiptir miklu máli að verðbólgu markmið Seðlabankans nýtur mun meiri trúverðugleika en áður og hafa verðbólguvæntingar til lengri tíma því haldist hóflegar.


Horfur eru á að verðbólga verði áfram yfir 3% fram á 2F 2021. Enn á nokkur verðþrýstingur vegna veikari krónu eftir að koma fram, sem og áhrif af samningsbundinni hækkun launa um komandi áramót.

Útlit er hins vegar fyrir að verðbólga hjaðni þegar lengra líður á næsta ár. Vaxandi slaki í hagkerfinu ásamt gengisstöðuleika og í kjölfarið lítilsháttar styrkingu krónu skýrir þá þróun að stórum hluta.

Við spáum því að verðbólga mælist að jafnaði 2,7% bæði á þessu og næsta ári, en verði 1,9% að meðaltali árið 2022.

Verðbólga og verðbólgu markmið Seðlabankans

%





Hafa vextir náð lágmarki?

Langtímavextir áfram lægri en undanfarna áratugi


Það sem af er árinu 2020 hafa stýrivextir Seðlabankans verið lækkaðir um 3,0 prósentur. Meginvextir bankans eru nú 1,0% og hafa aldrei verið lægri. Samhliða hefur bankinn rýmkað lausafjárskilyrði, minnkað ýmsar kvaðir á fjármálafyrirtæki og lýst sig reiðubúinn að kaupa ríkisbréf í því skyni að halda aftur af langtímavöxtum.

Við teljum að stýrivextir hafi náð lágmarki og að þeir verði áfram 1,0% fram á mitt ár 2021. Í kjölfarið muni þeir hækka hægt og bitandi eftir því sem efnahagurinn braggast og slaki minnkar í hagkerfinu. Vextirnir verða þó að okkar mati lágir í sögulegu ljósi út spátímann.


Langtímanafnvextir eru nú u.þ.b. 2,7% og langtímaraunvextir við 0%. Við gerum ráð fyrir að langtímavextir muni verða lægri að meðaltali á þessu ári en þeir hafa verið síðan vextir voru gefnir frjálssir fyrir rúmum 30 árum. Bæði nafnvextir og raunvextir hækka lítillega á seinni hluta spátímans.

Spáum við því að langtímanafnvextir verði í kringum 3,2% og raunvextir nærri 0,7% undir lok spátímans. Langtímaverðbólguálag mun samkvæmt því verða í kringum 2,5% þegar kemur fram á árið 2022. Álagið er nú u.þ.b. 2,7% og má segja að það samræmist allvel verðbólguþætti Seðlabankans að teknu tilliti til áhættuálags.

Verðbólga og stýrivextir %



Vextir %





Traust eignastaða gerir gæfumuninn

Heimili, fyrirtæki og hið opinbera hafa greitt niður skuldir og hreinar erlendar eignir aldrei meiri

Traust eignastaða að jafnaði í helstu geirum hagkerfisins í aðdraganda COVID-19 faraldursins á eftir að reynast okkur mikilvæg stöð í því að komast í gegn um kreppuna nú og ná viðspyrnu í kjölfarið.

Veruleg afskuldun heimila, fyrirtækja og hins opinbera á undanförunum áratug hefur aukið fjárhagslegan viðnámsþrótt þessara aðila.


Hóflæg skuldsetning þorra heimila auðveldar þeim að takast á við tímabundið tekjufall auk þess sem lágir vextir léttu greiðslubyrði og auka svigrúm í heimilisbókhaldinu.

Afskuldun fyrirtækja framan af áratugnum og skuldsetning í takti við hagvöxt eftir það dregur úr hættu á að erfiðleikar í einstökum geirum og á afmörkuðum svæðum valdi dóminóáhrifum sem enda með verulegum vanskilum og gjaldþrotum um allt hagkerfið.


Þá gefur niðurgreiðsla á skuldum hins opinbera undanfarinn áratug færi á myndarlegri sveiflujöfnun í forni opinberra framkvæmda og annarra mótvægisáðgerða auk þess að leyfa sjálfvirkum sveiflujöfnurum að virka án þess að skuldsetning aukist óhóflega. Stendur Ísland þar mun betur en mörg önnur þróuð ríki.

Jákvæð hrein erlend eignastaða Íslands og hóflæg erlend skuldsetning ásamt myndarlegum gjaldeyrisforða Seðlabankans felur í sér að hætta á fjármagnsflótta með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á gengi krónu, verðbólgu og kaupmátt er miklu minni en verið hefur síðustu áratugin.

Skuldir heimila, fyrirtækja og hins opinbera % af VLF



Erlend staða þjóðarbúsins % af VLF





Yfirlit þjóðhagsspár

Landsframleiðsla og undirliðir

Magnbreytingar frá fyrra ári %	Árið 2019	Spá			
	í m.kr.	2019	2020	2021	2022
Einkaneysla	1.506.682	1,3	-3,3	1,7	4,3
Samneysla	721.930	4,2	3,0	1,8	1,5
Fjármunamyndun	599.665	-6,6	-10,2	1,5	6,7
Þ.a. atvinnuvegafjárfesting	330.457	-18,1	-16,9	-0,2	8,7
Þ.a. íbúðarhús	167.159	31,3	-13,7	-3,4	19,4
Þ.a. fjárfesting hins opinbera	102.049	-9,9	17,0	11,0	-10,5
Birgðabreytingar	-2.733	2,0	0,0	0,0	0,0
Þjóðarútgjöld, alls	2.825.543	-0,2	-3,0	1,7	4,0
Útflutningur vöru og þjónustu	1.344.017	-4,9	-27,2	10,1	9,7
Þ.a. útflutningur sjávarafurða	224.393	-6,4	-7,0	4,0	2,4
Þ.a. afurðir álvinnslu	216.423	-6,0	-2,6	1,0	1,0
Þ.a. annar vöruútflutningur	211.857	24,6	-9,0	4,0	4,0
Þ.a. útflutningur þjónustu	691.344	-8,8	-47,0	22,0	20,0
Innflutningur vöru og þjónustu	1.203.943	-10,2	-16,3	6,0	8,1
Þ.a. innflutningur vöru	751.632	-8,3	-10,8	3,7	7,3
Þ.a. innflutningur þjónustu	452.311	-13,3	-25,7	10,9	9,5
Verg landsframleiðsla	2.965.617	1,9	-8,6	3,1	4,7



Yfirlit þjóðhagsspár

Aðrar efnahagsstærðir

<i>Sem % af VLF</i>	2019	Spá 2020	Spá 2021	Spá 2022
Fjármunamyndun	20,1	20,6	20,4	20,6
Viðskiptajöfnuður	6,2	-1,1	0,4	1,4
Vöru/þjónustujöfnuður	4,9	-2,3	-0,2	1,0
<i>Breyting milli ársmeðaltala (%)</i>				
Neysluverð	3,0	2,7	2,7	1,9
Laun	4,9	5,8	3,8	4,0
Íbúðaverð	3,4	2,6	1,7	3,0
Meðalgengi erlendra gjaldmiðla	8,5	11,2	3,1	-1,8
Raungengi krónunnar m.v. verðlag	-7,4	-10,5	-1,5	2,1
Kaupmáttur launa	1,8	3,0	1,1	2,1



Lagalegur fyrirvari

Skýrsla þessi er tekin saman af Greiningu Íslandsbanka hf. Upplýsingar í skýrslunni eru upprunnar frá innlendum og erlendum upplýsinga- og fréttaveitum sem taldar eru áreiðanlegar, ásamt opinberum upplýsingum, eigin úrvinnslu Greiningar og mati á hverjum tíma. Upplýsingarnar hafa ekki verið kannaðar sjálfstætt af Íslandsbanka og ábyrgist bankinn ekki nákvæmni þeirra, áreiðanleika eða réttmæti. Skoðanir höfunda geta breyst án fyrirvara og ber Íslandsbanka ekki skylda til að uppfæra, lagfæra eða breyta skýrslunni við breyttar forsendur.

Skýrslan er einungis birt í upplýsingaskyni og skal því ekki litið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum. Íslandsbanki og starfsmenn bankans bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem kunna að vera gerð á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í skýrslunni. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðleggingar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingarkosti sem í boði eru. Fjárfestingum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflökts gjaldmiðla. Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta er mismunandi. Bent skal á að árangur í fortíð er ekki trygging um árangur í framtíð.

Skýrslur og aðrar upplýsingar sem berast frá Íslandsbanka eru einungis ætlaðar til einkanota.

Hvorki má afrita efnið, vitna í það né dreifa því, í heild eða að hluta, án skriflegs leyfis frá Íslandsbanka.

Skýrsla þessi er stutt samantekt og ber ekki að líta svo á að í henni sé að finna allar tiltækar upplýsingar um þau viðfangsefni sem hún fjallar um.

Eftirlitsaðili: Fjármálaeftirlitið (www.fme.is).

Bandaríkin

Skýrslu þessari eða afritum hennar má ekki dreifa í Bandaríkjunum eða til viðtakenda sem eru bandarískir ríkisborgarar í andstöðu við takmarkanir sem kveðið er á um í bandarískum lögum. Dreifing skýrslunnar í Bandaríkjunum kynni að teljast brot á þeim lögum.

Kanada

Upplýsingarnar í skýrslu þessari eru ekki ætlaðar til dreifingar eða útbreiðslu með neinum hætti í Kanada og því ber ekki að líta á þær sem fjármálaráðgjöf eða ráðleggingu um fjárfestingar í skilningi kanadískra verðbréfalaga.

Önnur lönd

Lög og reglugerðir í öðrum löndum kunna einnig að takmarka dreifingu skýrslu þessarar.

Frekari upplýsingar varðandi efni Greiningar Íslandsbanka má finna á vefsíðunni: www.islandsbanki.is

Umsjón

Greining og fræðsla

greining@islandsbanki.is

Útgáfudagur: 29. september 2020